

24. MANNVÍG Í SVÍNADAL

Þorkell hét maður er bjó á Hafratindum í Svínadal. Hann hafði farið til hrossa sinna um daginn og smala-sveinn hans með honum. Þeir sáu til beggja, Laugamanna í fyrirsátinni og þá Kjartan, þar sem þeir riðu eftir dalnum, þrír saman. Þá sagði smalasveinninn að þeir skyldu snúa til móts við Kjartan og vara þá við. En Þorkell bað hann að þegja og sagði að þeir skyldu koma sér þangað sem engin hætta væri og gætu þeir þá horft á leikinn. Og varð svo að vera sem Þorkell vildi.

Ósvífurssyni grunaði að Bolli lægi upp við gilbrúnina til að geta varað Kjartan við. Þeir gengu því upp til hans og þóttust bregða á glens við hann, tóku í fætur honum og drógu hann niður brekkuna. Í sama bili riðu þeir Kjartan þar að. Þegar þeir komu suður fyrir gilið sáu þeir fyrirsátina og þekktu mennina. Kjartan spratt þegar af baki og sneri í móti þeim Ósvífurssonum. Þar stóð steinn einn mikill. **Þar bað Kjartan þá við taka.**

Fyrst skaut Kjartan spjóti að einum Ósvífurssona og særði hann á vinstri handlegg, svo að honum var ónýt höndin um daginn. Síðan brá Kjartan sverði og hafði ekki sverðið **konungsnaut**. Tveir menn sneru sér að Þórarni en sex að Kjartani og Áni. Bolli stóð hjá með sverðið Fótbit.

Ósvífurssynir hörfuðu undan Kjartani og sóttu að Áni. Án féll og lágu iðrin úti. Þá sneru þeir sér að Kjartani og hjó hann fót af einum þeirra fyrir ofan hné. Þá sóttu þeir fjórir að Kjartani en hann varðist hraustlega.

Þar bað Kjartan þá við taka merkir að Kjartan skoraði á þá að taka (hraustlega) á móti **konungsnautur** merkir gjöf frá konunginum



Þá sagði Kjartan: „Bolli frændi, hví fórstu að heiman ef þú vildir kyrr standa hjá? Og er þér nú vænst að veita öðrum hvorum og reyna nú hversu Fótbitur dugi.“

Bolli lét sem hann heyrði ekki.

Synir Ósvífurs eggja Bolla nú á alla vegu, segja að hann muni ekki vilja vita þá skömm eftir sér að hafa heitið þeim vígsgengi en veita þeim nú ekki. Þá bregður Bolli Fótbit og snýr að Kjartani.

Þá mælti Kjartan til Bolla: „Víst ætlar þú nú, frændi, níðingsverk að gera, en miklu þykir mér betra að þiggja banaorð af þér, frændi, en veita þér það.“

Síðan kastaði Kjartan vopnum og vildi þá ekki verja sig. Hann var þó lítt sár en ákaflega vígmóður. Engu svaraði Bolli Kjartani en þó veitti hann honum banasár. Bolli settist þegar undir herðar

vígsgengi merkir liðveisla í bardaga

vígmóður merkir móður/preyttur af átökum í bardaga

honum og andaðist Kjartan á hnjám Bolla. Iðraðist Bolli þegar verksins og lýsti vígi á hendur sér.

Bolli sendi þá Ósvífurssyni til byggða en þeir Þórarinn í Tungu voru eftir hjá líkunum. Og er Ósvífurssynir komu til Lauga sögðu þeir tíðindin. Guðrún lét vel yfir. Lík Kjartans var fært heim í Tungu.

Síðan reið Bolli heim til Lauga. Guðrún gekk í móti honum og spurði hversu framorðið væri. Bolli sagði þá vera nærri nóni dags. Þá mælti Guðrún: „Misjöfn verða morgunverkin; ég hef spunnið tólf álna garn en þú hefur vegið Kjartan.“

Bolli bað hana að minna sig ekki á það óhappaverk.

Guðrún mælti: „Ekki tel ég slíkt með óhöppum. Þótti mér sem þú hefðir meiri metorð þann vetur er Kjartan var í Noregi en nú, er hann tróð þig undir fótum, þegar hann kom til Íslands. En ég tel þó það síðast er mér þykir mest vert, að Hrefna mun eigi ganga hlæjandi að sænginni í kvöld.“

Þá svarar Bolli og var mjög reiður: „Ósýnt þykir mér að hún fölni meir við þessi tíðindi en þú. Og það grunar mig að þú brygðir þér minna við þó að ég lægi eftir á vígvellinum en Kjartan segði frá tíðindum.“

Guðrún fann að Bolli reiddist og bað hann að segja þetta ekki: „Ég kann þér mikla þökk fyrir verkið. Þykir mér nú það vitað að þú vilt ekkert gera í móti skapi mínu.“

Það varð til tíðinda í Sælingsdalstungu um nóttina eftir að Án settist upp, er allir hugðu að væri dauður. Urðu þeir hræddir sem vöktu yfir líkunum og þótti það undur mikið.

Þá mælti Án til þeirra: „Ég bið ykkur í Guðs nafni að þið hræðist mig eigi, því að ég hef lifað og haft vit mitt allt þangað til rann

á mig svefn. Þá dreymdi mig sömu konuna og fyrr og þótti mér hún taka hrísið úr maganum og láta koma innnyflin í staðinn.“

Síðan var bundið um sár Áns og varð hann heill og var kallaður Án hrísmagi.

RIFJÐ UPP:

1. Þorkell á Hafratindum varð var við að í uppsiglingu væri bardagi á Svínadal. Hvernig brást hann við?
2. Ósvífurssyni grunaði að Bolli ætlaði að vara Kjartan við þar sem þeir sátu fyrir honum. Hvernig leystu þeir það?
3. Hvernig rættist draumur Áns hrísmaga?
4. Kjartan talaði um níðingsverk. Hvaða verk var það?
5. Hver drap Kjartan, hvaða vopn notaði hann og hvaða áhrínsorð komu fram við það?
6. Hvað fannst Guðrúnu sérstaklega ánægjulegt við að Kjartan hefði verið drepinn?
7. Hverju svaraði Bolli?

TIL UMRÆÐU:

- Hvað finnst ykkur um ákvörðun Þorkels á Hafratindum? Er þetta siðlegt?
- Lesið 8. kafla aftur. Hvað var sagt þar sem kemur fram hér?
- Skoðið samtal Guðrúnar við Bolla þegar hann kemur heim eftir að hafa drepið Kjartan. Hvað eru þau í rauninni að segja?
- Hver á að ykkar mati mesta sök á vígi Kjartans?